

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Húsaskóla

Endurskoðuð í febrúar 2019 Gildir frá 2019-2022

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Húsaskóla nær til allra nemenda og starfsmanna. Einkunnarorð skólans eru jákvæðni, virðing og samvinna. Litið er þannig á að fjölbreytileiki í hópi nemenda og starfsmanna auðgi skólastarf. Starfið byggir á lýðræðislegum gildum og eru mannréttindi og jafnræði haft að leiðarljósi. Nám, kennsla og starfshættir eru í samræmi við það.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Húsaskóla byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008; Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008; Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá 2016; Aðalnámskrá grunnskóla (2011); Stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar í menntamálum (2017) og skólanámskrá Húsaskóla (2018-2019).

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er tekið fram að við skipulag náms og kennslu sé þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og hafi kost á að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri er 25 starfsmenn að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun sbr. 18. grein. Þar segir m.a. að tilgreina þurfi hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. grein.

Einnig ber skólum sem menntastofnunum að uppfylla 22. og 23. greinar laganna gagnvart nemendum sínum en þar segir m.a.:

Í 22. grein segir að „atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og

skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

23. gr. *Menntun og skólastarf.*

- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.
- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
- Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.
- Skoða skal alla stefnumótun með kynjagleraugum til að tryggja að ákvarðanir leiði ekki til kynjamismununar eða ýti undir hefðbundnar staðalmyndir sem takmarka tækifæri kynjanna.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er m.a. byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Áherslan á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynjanna á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til (1.3).

Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Í almennum hluta **Aðalnámskrá grunnskóla** 2011 er fjallað um markmið jafnréttismenntunar. Þar segir:

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis (bls. 21).

Einn af grunnþáttum menntunar er helgaður jafnrétti og annar lýðræði og mannréttindum. Grunnþættirnir eiga að undirstrika meginatriði í almennri menntun og ná til allra þátta skólastarfsins.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks og því er haft að leiðarljósi að tækifæri nemenda og starfsmanna byggi á hæfileikum og færni hvers og eins. Aðilar skólasamfélagsins bera sameiginlega ábyrgð á því að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis og hafa þeir jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku. Kynjasambættingar skal gætt við stefnumótunar- og áætlanagerð skólans.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Húsaskóla er hluti skólanámskrár og eru áhrif hennar og staða jafnréttismála metin reglulega, í viðhorfskönnunum meðal nemenda, forráðamanna og starfsmanna og í starfsmannasamtölum. Niðurstöður eru metnar og umbætur gerðar ef þörf krefur. Áætlunin er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans www.husaskoli.is.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Húsaskóla tekur til allra þátta skólastarfsins. Skólinn er ekki aðeins mennta- og uppeldisstofnun, hann er líka vinnustaður fullorðins fólks og á honum hvíla skyldur og ábyrgð gagnvart starfsfólki. Því skiptist áætlunin í tvo hluta, þ.e. fyrir nemendur og starfsmenn. Það má líta á áætlunina sem viljayfirlýsingu. Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á henni en hann getur falið kennurum / starfsmönnum að endurskoða hana og fylgja henni eftir. Árlega þarf að fara í gegnum áætlunina, uppfæra tölulegar upplýsingar og skipuleggja skólastarfið í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið fram. Áætlunin er endurskoðuð í heild sinni á þriggja ára tímabili en árlega er unnin aðgerðaáætlun sem gildir fyrir skólaárið.

Framkvæmdaáætlun - nemendur

skólaárið 2019-2022

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að sjálfsmynd og líðan nemenda í skólanum sé góð og ekki halli á annað kynið.	<p>Umsjónarkennari fylgist með líðan nemenda dag frá degi og bregst við eftir þörfum.</p> <p>Lagðar verða fyrir kannanir sem snúa að líðan, sjálfsmynd og tengslum milli nemenda. Athugað skal hvort munur eftir kynjum sé merkjanlegur. Niðurstöður kynntar kennurum og ef um merkjanlegan mun er að ræða verða stofnaðir vinnuhópar til að bregðast við.</p> <p>Skólastjórnendur hvetja kennara m.a. til að gefa nemendum val um úrvinnslu verkefna og leggja áherslu á að hvetja, hrósa og umbuna til jafns báðum kynjum.</p>	Námsráðgjafi, kennarar og skólastjórnendur.	<p>Á hverju skólaári.</p> <p>Viðtöl við foreldra og nemendur að hausti og eftir áramót.</p> <p>Tengslakannanir lagðar fyrir tvisvar á ári.</p>
Einelti og hvers kyns ofbeldi og áreitni er ekki liðið.	Unnið er markvisst að því að efla jákvæð samskipti milli nemenda. Unnið er samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti. Vinapema í nóvember.	Umsjónark. Allt starfsfólk skólans	Alltaf
Að allir nemendur nái góðum árangri.	Niðurstöður samræmdra könnunarprófa og skimana eru rýndar og greindar m.t.t. bakgrunns, kyns, uppruna og fl. Rýnt í kennsluhætti, námsefni, samsetningu námshópa og gerðar breytingar á þeim ef þurfa þykir.	Stjórnendur og kennarar	Alltaf Niðurstöður úr mati er rýnt í nóv., jan. og júní
Að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir öllum nemendum og ólíkum skoðunum þeirra.	Dagleg samskipti við nemendur. Allir nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri.	Kennarar Umsjónark. Skólastjóri og verkefnastjóri umhverfisr.	Daglega Vikulega Mánaðarlega
Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri.	Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemendaráð, umhverfisráð og skólaráð.		
Að kennsluhættir séu fjölbreyttir og að námsframboð og viðfangsefni höfði til allra nemenda.	Kennarar beita fjölbreyttum kennsluháttum og reyna að nálgast mismunandi leiðir nemenda til að læra og fanga sem best áhuga þeirra og næmni til náms. Boðið er upp á val verkefna þannig að hver nemandi geti fundið eitthvað við sitt hæfi og áhugasvið.	Kennarar	Allt skólaárið

	Sérstaklega skal huga að verkefnum í íþróttum, list- og verkgreinum að þau höfði til mismunandi nemenda.	Íþróttar, List- og verkgreinir	
Að nemendur vinni með fjölbreyttum hópi nemenda og kynnist sem flestum.	Hópaskipting nemenda sé fjölbreytt sem og sætaskipan og fari eftir verkefni hverju sinni. Tekið er mið af mismunandi þörfum einstaklinga við röðun í hópa. Nemendur eiga námsfélaga.	Kennarar	Í upphafi hverrar annar og síðan eftir þörfum.
Að vinna markvisst gegn hvers kyns staðalmyndum; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.	Allir kennarar skólans skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum. Þess er gætt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og ýti ekki undir staðalmyndir á grundvelli; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu. Rætt er um staðalmyndir í tengslum við náms- og starfsfræðslu og önnur svið þegar nám- og störf eru til umræðu. Val á námsviðfangsefnum miði að því að kynna menningarheima nemenda. T.d. umfjöllun um þau lönd sem nemendur koma frá eftir því sem því verður viðkomið.	Kennarar Kennarar	Ágúst og janúar Í tengslum við viðfangsefni hverju sinni
Að nemendur fái jafnréttis- og mannréttindafræðslu.	Áherslur komi fram í námsáætlunum námssviða en sérstök áhersla er á jafnréttis- og mannréttindamál í samfélagsgreinum. Rætt skal um jafnrétti út frá aldri, stétt, búsetu, kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, uppruna, þjóðerni, húðlit og trúarbrögðum.	Kennarar	Sett í námsáætlanir í ágúst. Fræðslan fer fram yfir skólaárið.
Að nemendur fái fræðslu um kyn, kynhneigð og kynvitund. Að nemendur fái fræðslu um hvað kynferðislegt áreiti/ofbeldi er og þekki hvert þeir geta leitað með þau mál bæði innan og utan skólans.	Ímyndir kynja og hefðir ræddar: -kvenleiki og karlmennska -kynhneigð og kynvitund -kynbundið ofbeldi -kynferðislegt áreiti -kynferðisofbeldi gegn börnum. Krakkarnir í hverfinu -leikrit Leyndarmálið - teiknimynd Fræðsla og umræða um samskipti kynjanna, nán sambönd, kynlíf, virðingu og klám.	Kennarar Umsjónark. og hjúkrunarfr.	Ýmis verkefni í hverjum árgangi. 2.bekkur 3.bekkur 7.bekkur

<p>Að taka tillit til mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana nemenda.</p>	<p>Markviss trúarbragðafræðsla þar sem fjölmennustu trúarbrögð heims eru kynnt. Markviss móttaka barna og foreldra af erlendum uppruna. Reynt eftir bestu getu að koma til móts við ólíkar matarþarfir vegna trúarbragða.</p>	<p>Kennarar Skólastj. Yfirm. mötuneytis</p>	<p>Eftir þörfum</p>
<p>Að gera ráð fyrir mannlegum margbreytileika</p>	<p>Reglulega er farið yfir húsnæði og þess gætt að aðgengi sé gott fyrir fatlaða með mismunandi þarfir. Nemendur og kennarar fá fræðslu um mismunandi fatlanir eftir þörfum hverju sinni.</p>	<p>Umsjónarm . fasteignar Skólastjóri</p>	<p>Eftir þörfum</p>
<p>Að forráðamenn af báðum kynjum taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.</p>	<p>Allir foreldrar/forráðmenn fá tilkynningar frá skólanum um skólastarfið. Hringt sé jafnt í feður sem mæður ef skólinn þarf að ná í foreldri á skólatíma eða þegar þarf að ná til foreldra. Ef foreldrar treysta sér ekki til að mæta saman á fundi í skólanum verður þeim boðið að koma í sitt hvoru lagi. Fá karla jafnt sem konur til að kynna störf sín í skólanum. Stuðla að jafnri kynjaskiptingu bekkjarfulltrúa, í stjórn foreldrafélagsins og skólaráði.</p>	<p>Skólastjórn endur, skrifstofu- stjóri, kennarar og aðrir sem hafa samband heim til nemenda.</p>	<p>Skólaárin 2019-2022</p>
<p>Að stoðþjónusta skólans mæti þörfum fjölbreytts nemenda hóps.</p>	<p>Stoðþjónusta skólans er metin í sjálfsmati skólans. Við upphaf hverrar annar er stoðþjónusta skólans skipulögð og endurbætt eftir þörfum.</p>	<p>Deildarstjór i sérkennslu</p>	<p>Samkv. Sjálfsmats- áætlun. Ágúst og jan.</p>

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun - starfsmenn

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsfólk Húsaskóla skulu virða fjölmeningarstefnu og jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar. Þess skal gætt að gera ekki upp á milli starfsmanna í kjörum vegna kynferðis, kynþáttar, stjórnmalaskoðana eða trúarskoðana eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum. Stjórnendum ber að stuðla að markvissri aðlögun erlendra starfsmanna á vinnustað og huga að íslenskunámi ef þurfa þykir. Hér er hlekkur á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_rvk_efnisyfirlit.pdf

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geti leitað innan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé einnig árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Í Húsaskóla er leitast við að ráða sem hæfasta starfsmenn sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfs eins og kostur er á hverju sinni. Við ráðningar er tekið mið af Jafnréttisáætlun og Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Allir starfsmenn skólans eiga sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Jafnframt hafa þeir jöfn tækifæri til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samskipti á vinnustaðnum grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Allir starfsmenn eiga rétt á að koma skoðunum sínum um framfæri og virðing er borin fyrir ólíkum skoðunum.

Framkvæmdaáætlun - starfsmenn

skólaárið 2019-2022

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf	Árleg greining á launum starfsmanna.	Skólastjórnendur	Júní, ágúst og des.
Að laða að fjölbreytt starfsfólk	Þess sé gætt að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttis laga.	Skólastjórnendur	Þegar við á.
Að starfsfólk hafi jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína	Símenntunaráætlun skólans gerir ráð fyrir að allir hafi jafna möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Árlega þarf að skoða endurmenntun og styrki til starfsfólks vegna endurmenntunar. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um jafnréttis- og mannréttindamál. Rætt er hvað má betur fara og umbætur gerðar á því.	Skólastjórnendur	Símenntunaráætlun í ágúst og síðan yfir skólaárið
Að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Kynferðisleg áreitni er ekki liðin á starfsstaðnum. Fenginn verði fyrirlestur um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi fyrir allt starfsfólk skólans. Að skólastjórnendur séu vakandi fyrir allri áreitni í orði og gjörðum. Að starfsfólk sé samtaka um að láta vita af slíku framferði svo hægt sé að stöðva það strax. Allt starfsfólk sé meðvitað um hvað felst í kynferðislegri áreitni og ofbeldi og þekki viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar. Kynning á stefnu Reykjavíkurborgar um einelti, áreitni og ofbeldi: https://reykjavik.is/sites/default/files/yms_skjol/-skjol_utgefid_efni/einelti_stefna_22.12.2016.pdf	Skólastjórnendur Allir starfsmenn Skólastjórnendur	Skólaárin 2020– 2021. Endurskoðað á hverju ári með starfsmannakönnun SFS. Kynning á hverju ári.
Að efla kynjafræði-þekkingu starfsfólks.	Að fá fyrirlestur frá fagaðila um jafnrétti og kynjafræði fyrir allt starfsfólk skólans. Starfsfólk vinni í hópum að því að skoða starfsmannastefnu skólans með tilliti til jafnréttis.	Skólastjórnendur sjá um að námskeiðið sé haldið.	Skólaárin 2020-2022. Endurskoðað einu sinni á ári.
Að vinnustaðurinn verði fjölskylduvænn. Að starfsfólki,	Leitast verði við að hafa sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að jafnvægis sé gætt milli vinnu og fjölskyldulífs. Að starfsfólki sé gert kleift að fara á viðburði og	Skólastjórnendur við gerð stundaskráa og	Skólaárin 2019 – 2022.

óháð kyni, skuli gert kleift að samræma sem best starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	sækja fundi vegna barna sinna og fjölskyldu.	skipulagsvin nu.	
Að gæta jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum, embættum á vegum skólans.	Að skólastjórnendur raði í vinnuhópa með tilliti til kynjaskiptingar. Einnig að allar starfsstéttir innan skólans myndi vinnuhópa þegar það á við. Að gæta þess að starfsfólk af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skólans þegar um kynningar er að ræða.		Að gæta jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum, embættum á vegum skólans.
Jafnréttis- og mannréttindas tefna sé í stöðugri þróun	Endurskoðun stefnu og greining á þörf fyrir úrbætur	Starfsmenn og skólastjórnendur	Mars /apríl

<https://www.althingi.is/altext/stjt/2014.062.html>

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 2008 nr. 10 6. mars

1.–5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo:

- Bein mismunun:* Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar einstaklingur af gagnstæðu kyni fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður.
- Óbein mismunun:* Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kæmi verr við einstaklinga af öðru kyninu borið saman við einstaklinga af hinu kyninu nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar.
- Kynbundin áreitni:* Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- Kynferðisleg áreitni:* Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

5. *Kynbundið ofbeldi:* Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Húsaskóla var endurskoðuð og send til Jafnréttisstofu í janúar 2019, breytt eftir ábendingar frá þeim.